

REGLUGERÐ

um gildistöku ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2006/968/EB um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar viðmiðunarreglur og aðferðir við rafræna auðkenningu sauðfjár og geita.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á landi:

- A. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2006/968/EB um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar viðmiðunarreglur og aðferðir við rafræna auðkenningu sauðfjár og geita. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 1. maí 2010.
- B. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2008/337/EB um breytingu á ákvörðun 2006/968/EB um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar viðmiðunarreglur og aðferðir við rafræna auðkenningu sauðfjár og geita. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2010 frá 1. maí 2010.

2. gr.

Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar nr. 2006/968/EB og nr. 2008/337/EB eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa.

3. gr.

Tilvísanir í gerðum sem tilgreindar eru í 1. gr. er varða ákvæði í hinni sameiginlegu landbúnaðarlöggjöf Evrópusambandsins (CAP) gilda ekki við framkvæmd reglugerðar þessarar.

4. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli.

5. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og 17. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. og öðlast gildi 1. nóvember 2011.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 11. október 2011.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal 1.**ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 15. desember 2006

um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar viðmiðunarreglur og aðferðir við rafræna auðkenningu sauðfjár og geita*(tilkynnt með númeri C(2006) 6522)***(Texti sem varðar EES)**

(2006/968/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE¹, einkum 1. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 21/2004 er kveðið á um að hvert aðildarríki skuli koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita í samræmi við þá reglugerð.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 21/2004 er einnig kveðið á um að öll dýr á bújörð, sem eru fædd eftir 9. júlí 2005, skuli auðkennð með tvenns konar auðkennismerkjum. Fyrsta auðkennismerkið er eyrnamerki og öðru auðkennismerkinu er lýst í 4. lið A-þáttar í viðaukanum við þá reglugerð. Annað auðkennismerkið getur verið merkisvari. Í reglugerð (EB) nr. 21/2004 er einnig kveðið á um að frá og með 1. janúar 2008, eða frá og með annarri dagsetningu sem ráðið getur ákveðið, verði rafræn auðkenning skyldubundin fyrir öll dýr sem annað auðkennismerki.
- 3) Í reglugerð (EB) nr. 21/2004 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli samþykkja viðmiðunarreglur og aðferðir við framkvæmd rafrænnar auðkenningar í því skyni að bæta framkvæmdina. Þessar viðmiðunarreglur og aðferðir skulu gilda um þau dýr sem rafræn auðkenning er þegar notuð á sem annað auðkennismerki og um öll dýr frá og með dagsetningunni sem kveðið er á um í 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar.
- 4) Til þess að tryggja að unnt sé að lesa af kennimerkjum, sem nota skal á sauðfé og geitur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 21/2004, í öllum aðildarríkjum skal í þessari ákvörðun mæla fyrir um lágmarkskröfur, sem varða tilteknar prófanir á samkvæmni og nothæfi, fyrir samþykki á kennimerkjum.
- 5) Í því skyni að láta aðildarríkjunum í té viðmiðunarreglur að því er varðar aflestrartæki skal í þessari ákvörðun mæla fyrir um lágmarkskröfur, sem varða tilteknar prófanir á samkvæmni og nothæfi, að teknu tilliti til þess að í reglugerð (EB) nr. 21/2004 er ekki gert ráð fyrir að allir stjórnendur verði að hafa yfir að ráða aflestrartæki.
- 6) Vegna mismunandi landfræðilegra skilyrða og búskaparháttá sem sauðfé og geitum í Bandalaginu er haldið við skulu aðildarríkin eiga þess kost að gera kröfu um viðbótarprófanir á nothæfi, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna í hverju ríki fyrir sig.
- 7) Alþjóðlegu staðlasamtökin (ISO) hafa birt staðla sem fjalla um atriði varðandi auðkenningu með tíðni fyrir þráðlausar sendingar (e. radio frequency identification) (RFID-örmerki) á dýrum. Auk þess hefur alþjóðleg nefnd um skráningu dýra (ICAR) þróað aðferðir sem miða að því að sannreyna samræmi tiltekinnar eiginleika RFID-örmerkja við ISO-staðla. Þessar aðferðir voru birtar í alþjóðasamningi um framkvæmd skráninga (e. International Agreement on Recording Practices) í þeirri útgáfu sem var samþykkt á allsherjarþingi alþjóðlegu nefndarinnar um skráningu dýra í júní 2004. ISO-staðlarnir eru viðurkenndir og notaðir á alþjóðavettvangi og því ber að taka tillit til þeirra í þessari ákvörðun.
- 8) Sameiginleg rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar hefur þróað tæknilegar viðmiðunarreglur, sem eru birtar á vefsíðu sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar undir heitinu tæknistaðlar sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar, þar sem tilgreindar eru prófanir til að meta nothæfi og áreiðanleika búnaðar til auðkenningar með örmerkjum (e. RFID devices). Í þessari ákvörðun skal taka tillit til veigamikilla þátta í þessum viðmiðunarreglum.
- 9) Staðlasamtök Evrópu hafa birt tæknistaðla sem fjalla um faggildingu prófunarstofa. Þessir staðlar (EN-staðlar) eru viðurkenndir og notaðir á alþjóðavettvangi og því ber að taka tillit til þeirra í þessari ákvörðun.
- 10) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8.

Nr. 974

11. október 2011

SAMFYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

2. gr.

1. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. gr.

Í viðaukanum við þessa ákvörðun eru settar fram viðmiðunarreglur og aðferðir varðandi rafræna auðkenningu dýra:

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

a) að því er varðar annað auðkennismerki eins og kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 21/2004 og sem um getur í fjórða undirlið 4. liðar A-þáttar í viðaukanum við þá reglugerð og

Gjört í Brussel 15. desember 2006.

b) sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 21/2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Viðmiðunarreglur og aðferðir vegna samþykkis fyrir kennimerkjum og aflestrartækjum vegna rafrænnar auðkenningar á sauðfé og geitum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 21/2004

I. KAFLI

Skilgreiningar

Í þessum viðmiðunarreglum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „Landskóði“: þriggja tölustafa kóði sem stendur fyrir heiti lands í samræmi við ISO-staðal 3166.
- b) „Landsauðkenniskóði“: tólf tölustafa kóði til að sanngreina einstakt dýr á landsvísu.
- c) „Merkissvarakóði“: 64. bita rafrænn kóði sem er forritaður inn í merkissvarann og hefur m.a. að geyma landskóðann og landsauðkenniskóðann og er notaður til að auðkenna dýr á rafrænan hátt.
- d) „Kennimerki“: hlutlaus merkissvari, sem er eingöngu til aflestrar, sem er byggður á HDX- eða FDX-B-tækni eins og skilgreint er í ISO-stöðlum 11784 og 11785 og felldur inn í mismunandi auðkennismerki eins og um getur í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 21/2004.
- e) „Aflestrartæki“: sendiviðtæki, með eða án samstillingar, sem er a.m.k til þess fallið að:
 - i. lesa á kennimerki og
 - ii. sýna landskóðann og landsauðkenniskóðann.
- f) „Sendiviðtæki með samstillingu“: sendiviðtæki sem er í samræmi við ISO-staðal 11785 og getur greint að önnur sendiviðtæki séu nálægt.
- g) „Sendiviðtæki án samstillingar“: senditæki sem er ekki í samræmi við ákvæði 6 í ISO-staðli 11785 og getur ekki greint að önnur sendiviðtæki séu nálægt.

II. KAFLI

Kennimerki

1. Lögbert yfirvald skal einungis samþykka notkun kennimerkja sem hafa a.m.k. verið prófuð, með hagstæðum niðurstöðum, í samræmi við aðferðirnar sem eru tilgreindar í alþjóðasamningi um framkvæmd skráninga frá alþjóðlegri nefnd um skráningu dýra (skráningarleiðbeiningar alþjóðlegrar nefndar um skráningu dýra) eins og um getur í eftirfarandi a- og b-lið, að því er varðar:
 - a) samkvæmni þeirra við ISO-staðal 11784 og ISO-staðal 11785, í samræmi við aðferðina sem er tilgreind í lið 10.2.6.2.1, „samkvæmnismat á búnaði til auðkenningar með örmerkjum, 1. hluti: ISO 11784/11785 — samkvæmni merkissvara, þ.m.t. veiting og notkun á kóða framleiðanda“ (e. Conformance evaluation of RFID devices, Part 1: ISO 11784/11785 — conformance of transponders including granting and use of a manufacturer code) og
 - b) frammistöðu að því er varðar lesfjarlægðir eins og mælt er fyrir um í þriðja undirlið í 6. lið A-þáttar í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 21/2004 í samræmi við aðferðina sem er tilgreind í 10. lið í viðbæti 10.5 „Mat á nothæfi búnaðar til auðkenningar með örmerkjum, 1. hluti: ISO 11784/11785 — nothæfi merkissvara“ (e. Performance evaluation of RFID devices, Part 1: ISO 11784/11785 — performance of transponders) sem skal taka til mælinga á:
 - i. styrkleika virkjunarsviðs,
 - ii. tvíþólsvægi og
 - iii. stöðugleika bitalengdar fyrir FDX-B og stöðugleika tíðnisviðs fyrir HDX.

2. Prófanimar, sem um getur í 1. lið, skal gera á a.m.k.50 kennimerkjum af hverri tegund sem prófa skal.
3. Uppbygging merkissvarakóðans skal vera í samræmi við ISO-staðal 11784 og lýsingamar í eftirfarandi töflu:

Nr. bita	Fjöldi tölustafa	Fjöldi talnaraða	Lýsing
1	1	2	Þessi biti gefur til kynna hvort kennimerkið er notað til að samgreina dýr eða ekki. Þessi biti skal vera „1“ í allri notkun í tengslum við dýr.
2-4	1	8	Teljari vegna endurmerkingar (0 til 7)
5-9	2	32	Reitur fyrir notandaupplýsingar. Þessi biti skal innihalda „04“ sem kerfisbinder SAT-númerið fyrir sauðfé og geitur í samræmi við 1. kafla I. þáttar II. hluta viðaukans við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ⁽¹⁾ .
10-15	2	64	Tómur — Eingöngu núll (svæði tekið frá fyrir notkun síðar).
16	1	2	Þessi biti gefur til kynna hvort gagnabálkar eru fyrir hendi eða ekki (vegna notkunar í tengslum við dýr skal þessi biti vera „0“ = enginn gagnabálkur).
17-26	4	1 024	Landskóði eins og hann er skilgreindur í a-lið 1. kafla
27-64	12	274 877 906 944	Landsauðkenniskóði eins og hann er skilgreindur í b-lið 1. kafla. Ef landsauðkenniskóðinn er styttri en 12 tölustafir skal fylla upp í bilið á milli landsauðkenniskóðans og landskóðans með núllum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1.

4. Lögbært yfirvald getur krafist viðbótarprófana í tengslum við traustleika og endingu kennimerkja í samræmi við aðferðirnar sem lýst er í 2. hluta tæknilegra viðmiðunarreglna sameiginlegrar rannsóknarmiðstöðvar framkvæmdastjórnarinnar.

5. Lögbært yfirvald getur krafist annarra afkastaviðmiðana til að tryggja virkni kennimerkja við sérstök landfræðileg skilyrði, veðurfars- og stjórnumarskilyrði í hlutaðeigandi aðildarríki.

III. KAFLI

Aflestrartæki

1. Lögbært yfirvald skal einungis samþykkja notkun aflestrartækja sem hafa a.m.k. verið prófuð, með hagstæðum niðurstöðum, með tilliti til samkvæmni þeirra við ISO-staðla 11784 og 11785, í samræmi við aðferðirnar sem eru tilgreindar í skráningarleiðbeiningum alþjóðlegrar nefndar um skráningu dýra, eins og um getur í eftirfarandi a- og b-lið, með samkvæmniprófun fyrir:

- a) sendiviðtæki með samstillingu, í samræmi við aðferðirnar sem eru tilgreindar í lið 10.3.5.2 „samkvæmnismat á búnaði til auðkenningar með örmerkjum, 2. hluti: ISO 11784/11785 — samkvæmni merkissvara“ (e. Conformance evaluation of RFID devices, Part 2: ISO 11784/11785 — conformance of transceivers) eða
- b) sendiviðtæki án samstillingar, í samræmi við aðferðirnar sem eru tilgreindar í lið 10.4.5.2 „samkvæmnismat á búnaði til auðkenningar með örmerkjum, 3. hluti: prófun á samkvæmni sendiviðtækja án samstillingar við aflestur á ISO 11784/11785 merkissvörum“ (e. Conformance evaluation of RFID devices, Part 3: Conformance test for non-synchronising transceivers for reading ISO 11784/11785 transponders).

2. Lögbært yfirvald getur krafist:

- a) viðbótarprófana á vélrænum og varmafræðilegum traustleika og endingu aflestrartækja í samræmi við aðferðirnar sem lýst er í 2. hluta tæknilegra viðmiðunarreglna sameiginlegrar rannsóknarmiðstöðvar framkvæmdastjórnarinnar og
- b) rafsegulfræðilegra afkastaprófana eins og tilgreint er í skráningarleiðbeiningum alþjóðlegrar nefndar um skráningu dýra, 10. lið í viðbæti 10.6.2 „nothæfismat á búnaði til auðkenningar með örmerkjum, 2. hluti: ISO 11784/11785 — nothæfi sendiviðtækja sem haldið er á“ (e. Performance evaluation of RFID devices, Part 2: ISO 11784/11785 — performance of handheld transceivers).

IV. KAFLI

Prófunarstofur

1. Lögbært yfirvald skal tilnefna prófunarstofur til að annast prófanir sem kveðið er á um í II. og III. kafla.

Lögbæru yfirvaldi er þó aðeins heimilt að tilnefna rannsóknarstofur sem starfa og hafa verið metnar og hlotið faggildingu í samræmi við eftirfarandi Evrópustaðla („EN-staðla“) eða jafngilda staðla:

- a) EN ISO/IEC 17025, „Almennar kröfur varðandi hæfni prófunar- og kvörðunarstofa“,
 - b) EN 45002 „Almennar reglur um mat á prófanastofum“ og
 - c) EN 45003: „Kvörðun og prófanir á faggildingarkerfum fyrir rannsóknarstofur, almennar kröfur um rekstur og viðurkenningu“.
2. Aðildarríkin skulu taka saman skrár yfir prófunarstofur sem lögbær yfirvöld tilnefna, halda skránum uppfærðum og gera þessar upplýsingar aðgengilegar öðrum aðildarríkjum og almenningi á vefsetri.
-

Fylgiskjal 2.**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR****frá 24. apríl 2008****um breytingu á ákvörðun 2006/968/EB um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar viðmiðunarreglur og aðferðir við rafræna auðkenningu sauðfjár og geita****(tilkynnt með númeri C(2008) (1571)
(Texti sem varðar EES)
(2008/337/EB)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE¹, einkum 1. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 21/2004 er kveðið á um að hvert aðildarríki skuli koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita í samræmi við þá reglugerð. Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 21/2004 er eyrnamerki fyrsta auðkennismerkið á þessum dýrum. Annað auðkennismerkið getur verið rafræn auðkenning á sauðfé og geitum.
- 2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/968/EB² eru settar fram viðmiðunarreglur og aðferðir vegna samþykkis fyrir kennimerkjum og aflestartækjum vegna rafrænnar auðkenningar á sauðfé og geitum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 21/2004. Í þeirri ákvörðun er mælt fyrir um lágmarkskröfur sem varða tiltekna prófanir á samkvæmni og nothæfi fyrir samþykki á þessum kennimerkjum og aflestartækjum. Tilnefndar prófunarstofur, sem starfa og hafa verið metnar og hlotið faggildingu í samræmi við tiltekna Evrópustaðla, skulu annast þessar prófanir.
- 3) Í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt³ er vísað til þessara Evrópustaðla í tengslum við tilnefningu lögbærra yfirvalda á opinberum rannsóknarstofum.
- 4) Rétt er að breyta tilvísuninni til þessara staðla í ákvörðun 2006/968/EB svo að tekið sé tillit til sérstakra einkenna prófunarstofanna sem um getur í þeirri ákvörðun.
- 5) Í 18. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005 frá 5. desember 2005 um bráðabirgðafyrirkomulag við framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 og um breytingu á reglugerðum (EB) nr.

¹ Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1560/2007 (Stjtið. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 25).

² Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 41.

³ Stjtið ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1; leiðrétt útgáfa í Stjtið. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 301/2008 (Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 85).

853/2004 og (EB) nr. 854/2004⁴ er kveðið á um undanþágu frá 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Samkvæmt þeirri undanþágu er lögbæru yfirvaldi heimilt að tilnefna prófunarstofu, sem hefur ekki hlotið faggildingu, til bráðabirgða. Til glöggvunar skal í ákvörðun 2006/968/EB vísað til þessarar undanþágu.

- 6) Því ber að breyta ákvörðun 2006/968/EB til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við ákvörðun 2006/968/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. júní 2008.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. apríl 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

⁴ Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 83. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1246/2007 (Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 21).

VIÐAUKI

Í stað IV. kafla viðaukans við ákvörðun 2006/968/EB komi eftirfarandi:

„IV. KAFLI

Prófunarstofur

1. Lögbært yfirvald skal tilnefna prófunarstofur til að annast prófanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.
2. Lögbæru yfirvaldi er þó aðeins heimilt að tilnefna prófunarstofur sem starfa og hafa verið metnar og hlotið faggildingu í samræmi við a-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Ákvæði 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 2076/2005 gilda til og með 31. desember 2009.
3. Aðildarríkin skulu taka saman skrár yfir prófunarstofur sem lögbær yfirvöld tilnefna, halda skránum uppfærðum og gera þessar upplýsingar aðgengilegar öðrum aðildarríkjum og almenningi á vefsetri.“

B-deild – Útgáfud.: 27. október 2011